



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Kona skal vera frjáls

**Um frjálslýndi Konunnar frá Bath og uppreisn hennar gegn
valdi karlmannsins í *Kantaraborgarsögum* eftir Chaucer**

Ritgerð til BA -prófs í Almennri bókmenntafræði

Þóra Ágústsdóttir

September 2013

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið

Almenn Bókmenntafræði

Kona skal vera frjáls

Um frjálslýndi Konunnar frá Bath og uppreisn hennar gegn
valdi karlmannsins í *Kantaraborgarsögum* eftir Chaucer

Ritgerð til BA -prófs í Almennri bókmenntafræði

Póra Ágústsdóttir

Kt.: 1407882609

Leiðbeinandi: Sif Ríkharðsdóttir

September 2013

Ágrip

Á miðöldum var feðraveldi við lýði í Evrópu. Konur áttu að lúta vilja eiginmanna sinna, og voru álitnar þeirra eign. Kvenpersónur höfðu ekki mikla rödd í miðaldarbókmenntum, og höfundarnir voru í langflestum tilfellum karlmenn. Sagnfræðingar í dag vinna margir hverjir hörðum höndum við að kanna hlutverk kvenna í miðaldarbókmenntum, en þá verður að hafa í huga að hugtakið femínismi var ekki til á þeim tíma. Textar Chaucers hafa mikið verið rannsakaðir, bæði fyrr og síðar, með tilliti til hinna kvenlegu radda í verkum hans. Sú persóna, sem virðist standa þar upp úr, bæði fyrr og síðar, og þá ekki einungis í verkum Chaucers heldur miðaldarbókmenntum yfirleitt, er eiginkonan frá Bath úr *Kantaraborgarsögum*. Alison er óhrædd við að tjá sínar skoðanir og bjóða eiginmönnum sínum byrginn, í þeim tilgangi að öðlast völd yfir þeim sjálfum og eignum þeirra. Hún er þannig í uppreisn gegn feðraveldi samtíma síns, og alls ekki í takt við þau andfemínísku viðhorf sem ríktu gagnvart konum. Til þess að færa rök fyrir máli sínu vitnar hún óspart í ýmsa þekktu fræðimenn og rit þeirra, og vitnar jafnvel í sjálfa biblíuna. Hún túlkar textann á sinn hátt, svo að hann falli að hennar skoðunum. Afar óvenjulegt var á miðöldum að höfundar gæfu kvenmönnum eins mikla rödd og Chaucer gerir í gegnum Alison. Hún er í algjörrri uppreisn gegn feðraveldinu, en notar í raun þeirra eigin rök gegn þeim, með því að vísa í bókmenntir þeirra. Í þessari ritgerð verður fjallað um þessar skoðanir Alisonar, og hvernig þær eru á öndverðum meiði við þær skoðanir sem ríktu í samfélagi feðraveldisins sem Chaucer lifði í. Fjallað verður stuttlega um femínisma og rannsóknir femínista á miðaldarbókmenntum, og með þeirri umfjöllun er leitast við að varpa ljósi á á hvaða hátt Alison er róttæk, og hversu óvenjuleg kvenpersóna hún er miðað við samtíma sinn.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Konur á 14.öld	2
2. Femínismi fyrr og síðar	5
2.1. Femínískar rannsóknir á miðaldarbókmenntum	6
2.2. Konur í Kantaraborgarsögum.....	8
3. Alison: Femínisti eða and-femínisti?	10
3.1 Alison og bókvitið.....	14
3.2. Alison og hjónaböndin.....	15
3.3. Saga Konunnar frá Bath	18
Samantekt og lokaorð	21
Heimildaskrá	23

Inngangur

Konan frá Bath er líklega umdeildasta persónan í *Kantaraborgarsögum* eftir Chaucer. Að minnsta kosti er óhætt að segja að Alison sé margbreytileg persóna og að hún sé í raun í andstöðu við sjálfa sig. Persóna hennar ýtir undir kvenfyrirlitningu á meðan hún mælir að sama skapi gegn henni. Hún lætur ekki eiginmenn sína ráða yfir sér, líkt og venjan var að konur gerðu á hennar tíma, heldur er það hún sem vill fara með völdin. Hún beitir til þess ýmsum brögðum og er óhrædd við að nota líkama sinn til að ná sínu fram, sem ekki myndi falla vel í kramið hjá femínistum í dag. Með því að öðlast völdin í samböndum sínum fetar Alison í fótspor karlmannsins en gjörðir hennar, hegðun og trú eru alls ekki við hæfi kvenna á hennar tíma. Hún túlkar orð Guðs á eigin hátt og breytir skilningnum sér í hag. Hún hugleiðir fortíð sína, hvernig það er að vera eiginkona, ekkja og kona í samfélagi feðraveldis og afhjúpar sínar skoðanir, tilfinningar og trú, jafnvel þó þær standi í andstöðu við þau viðhorf sem ríktu í samfélaginu. Hún notar þekkingu sína og skilning á skrifuðu máli og breytir túlkuninni konum í hag.¹ Í nafni reynslu færir hún guðfræðileg rök fyrir túlkun sinni á biblíunni. Hún er þar langt á undan sínum samtíma; konur höfðu jafnan ekki aðgang að heimi lærdómsins. Segja má að texti hennar sé einhverskonar uppreisn gegn feðraveldinu, en Chaucer gefur henni sterka rödd sem miðlar í þökkabót vel rökstuddri ádeilu.

Í þessari ritgerð verður byrjað á að fjalla um bága stöðu kvenna í Evrópu á 14.öld og hvernig þær voru undirokaðar karlmönnum. Næst verður fjallað stuttlega um hugtakið femínismi og femínískar rannsóknir á miðaldartextum. Með því verður leitast við að varpa ljósi á á hvaða hátt Alison er róttæk með tilliti til menningarsamfélags Chaucers og hversu óvenjuleg kvenpersóna hún er almennt séð innan miðaldarbókmennta.

¹ S.H Rigby, „The Wife of Bath, Christine de Pizan, and the Medieval Case for Women.” *Chaucers Review*, bindi 35, 2.árg, 2000, bls.134.

1. Konur á 14.öld

Það sem skilgreindi konu fyrst og fremst á miðöldum var kyn hennar en konur voru ekki hátt skrifaðar í virðingastiga karlaveldisins. Segja má að konur hafi mætt mótlæti jafnvel áður en þær komu í heiminn. Hugmyndir Aristótelesar um að sköpun kvenkyns ungabarns væri ófullnægjandi tilraun til að geta af sér karlkyns barn voru enn ríkjandi innan læknaheimsins. Samfélagið gerði ráð fyrir að ungar konur giftust, eignuðust börn og sæju um heimilið. Langalgengast var að ungar konur færu beint úr föðurhúsum, undan valdi föðursins, og í hús eiginmannsins og undir hans vald.² Karlmenirnir litu á eiginkonurnar sem eign frekar en eitthvað annað og þeirra hlutverk var að þóknast eiginmönnum og hlýða þeim í einu og öllu. Konur voru hluti af samfélagi feðraveldis þar sem klerkastétt og hástétt, stjórnað af karlmönnum, staðfestu kvenlega kúgun. Kvenmenn voru meðal annars álitnar veikara kynið, minna mikilvægar, óæðri og tilfinningalega óstöðugar.³ Samkvæmt sköpunarsögu kristinna manna var Eva sköpuð til þess eins að vera hjálparhella Adams og var hún ástæðan fyrir falli mannkynsins frá paradís. Konan var því ekki einungis sköpuð sem óæðra kynið samkvæmt sköpunarsögunni heldur var hún einnig tákni siðferðilegs veikleika og fulltrúi illsku og óhlýðni. Goðsögnin um Evu var þannig notuð til að skilgreina alla kvenmenn og benda á veikleika þeirra.⁴

Líkamlegt ofbeldi karlmanna gagnvart eiginkonum sínum og börnum var leyfilegt, enda var karlmönnum ætlað að sýna líkamlegan styrk sinn og þar með yfirburði sína í sambandinu. Það má því segja að það væri hreinlega ætlast til þess af eiginmönnum að þeir berðu eiginkonur sínar til hlýðni ef þær væru þeim ekki undirgefnar. Undirgefnir eiginkonunnar var afar mikilvæg fyrir karlmennskuímyndina sem þeir áttu að viðhalda. Karlmennt fengu þó afar misvísandi skilaboð frá samfélaginu þegar kom að sambandi þeirra við hitt kynið. Talað var opinskátt um kynvitund af veraldlegum valdhöfum og sannir karlmenn áttu að hafa kynferðislegt vald yfir eiginkonum sínum. Kirkjuvaldið hélt því hins vegar fram að konur væru hreinlega komnar frá helvíti og að þær bæri að forðast. Þrátt fyrir þessi mismunandi viðhorf kirkjunnar og veraldlegra valda gagnvart kvenmönnum þá deildu bæði veraldleg og trúarleg yfirvöld þeirri skoðun að kvenmenn væru eign karlmannsins sem hann ætti að hafa algjört vald yfir. Konur áttu að hlýða eiginmönnum sínum í einu og öllu, með

² Kline, Daniel T. „Female Childhoods.” *The Cambridge Companion to Medieval Women’s Writing*. Ritstj. Carolyn Dinshaw og David Wallace. Cambridge: University Press, 2003, bls. 13-14.

³ Andrea Hopkins. *Most wise & Valiant Ladies*. New York: Welcome Rain, 1997, bls. 7.

⁴ Anna Laskaya. *Chaucer’s Approach to Gender in the Canterbury Tales*. Cambridge: D.S Brewer, 1995, bls. 37.

góðu eða illu. Kirkjunnar menn héldu því einnig fram að náin kynni karlmannna við kvenmenn væri merki um siðferðislegan veikleika þeirra og að þær hefðu einungis neikvæð áhrif á karlmenn. Ungir drengir af ríkum ættum voru oft teknir frá mæðrum sínum um leið og þeir voru komnir úr vöggu og þeim komið í hendurnar á karlkyns kennurum eða lærifæðrum sem sáu um að ala þá upp og kenna þeim á lífið og tilveruna.⁵ Gefin voru út varnarrit af kirkjuvaldinu sem hvöttu til skírlífis og drógu upp gróteska mynd af kvenlíkamanum sem aðlaðandi að utan en skítugum og ógeðslegum að innan. Ást karlmannna á konu var sögð vera þeim afar hættuleg og þeir voru hvattir til að forðast kynferðisleg samneyti við kvenmenn.⁶ Samkvæmt staðalímyndum sem viðhöfðust um konur í samfélögum á miðöldum syndguðu þær oftast en karlmenn og voru í eðli sínu lostafullar og svikular.⁷

Konum var því stöðugt ógnað af karlmönnum með ofbeldi og kúgun sem neyddi þær til að þóknast þeim. Ósjálfstæði þeirra var þó ekki eingöngu falið í hlýðni við karlmanninn, heldur voru þær eindregið hvattar til að tala sem minnst. Þögn var dyggð sem „góðir“ kvenmenn tileinkuðu sér og kirkjan brá upp neikvæðri skopstælingu af kvenmanni sem blaðrandi og síslúðrandi skepnu.⁸ Þannig var konum kennt að hræðast það að tala of mikið. Konur sem höfðu hægt um sig og töluðu lítið tryggðu eiginmönnum sínum valdið í hjónabandinu. Tungumálið var þannig álitid aðalvopn konunnar. Það gat hún notað til þess að mótmæla ójafnréttinu sem kvenmenn bjuggu við, og er það aðalástæða þess að kvenmenn voru hvattir til að þegja.⁹

Meydómur og skírlífi voru talin helsta dyggð kvenna. Meydómi fylgdi hreinleiki samkvæmt klerkaveldinu en kynvitund kvenna var álitin óhrein.¹⁰ Kvenmönnum var því ætlað að vera skírlífar og afneita líkamlegum losta. Þrátt fyrir að kynlíf innan hjónabands væri viðurkennt innan kirkjunnar þá var meydómurinn ávallt meira aðdáunarverður. Lítið var svo á að konur stjórnuðust meira af líkama sínum en karlmenn og því var sigur hennar yfir líkama sínum talin hin mesta hetjudáð. Aðeins sem kynlausar verur gátu konur þannig áunnið aðdáun karlmannna.¹¹

En það voru ekki einungis kirkjunnar menn sem lögðu áherslu á undirokun kvenna heldur voru þær einnig lögum samkvæmt óæðri karlmanninum. Þær máttu ekki

⁵ Anna Laskaya, bls. 26-27.

⁶ Anna Laskaya, bls. 33-34.

⁷ Helen Phillips. *An Introduction to the Canterbury Tales: Reading, Fiction, Context*. New York: St. Martin's Press, 2000, bls. 97.

⁸ Anna Laskaya, bls. 33.

⁹ Anna Laskaya, bls. 40-41.

¹⁰ Ruth Evans. „Virginites.” *The Cambridge Companion to Medieval Women's Writing*. Ritstj. Carolyn Dinshaw og David Wallace. Cambridge: University Press, 2003, bls. 23.

¹¹ Anna Laskaya, bls. 34.

stjórna opinberum embættum eða taka þátt í ríkisstjórn. Bæði lagaleg og borgaraleg réttindi kvenna voru þannig afar takmörkuð og var það réttlætt á þeim grundvelli að konur væru ekki eins gáfaðar og karlmenn, að þær væru slóttugari en þeir, og einnig þóttu þær féggjarnar. Oft skírskotuðu lög til goðsagnarinnar um Evu og syndafallið, líkt og kirkjuvaldið gerði, til að færa rök fyrir hvers vegna konur nutu jafn lítillar lagalegrar viðurkenningu og raun bar vitni.¹² Ef kona dirfðist að ögra karlaveldinu var hún álitin illa innrætt og henni líkt við Evu. Ef kona var hinsvegar trú eiginmanni sínum og hlýðin, líkt og ætlast var til, þá var henni líkt við Maríu mey. Slík flokkun er á öndverðu meiði við skoðun Alison, sem berst gegn karlaveldi, og Alison yrði hiklaust sett í hóp þeirra sem líkt var við Evu.

¹² Anna Laskaya, bls. 37-38.

2. Femínismi fyrr og síðar

Hugtakið femínismi í nútímalegum skilningi hefur vaxið í hinar ýmsu áttir. Til eru femínistar sem einblína á stjórnarfarslega stöðu kvenna, bæði innan samfélagsins sem og í bókmenntatextum, aðrir femínistar rannsaka kyngervi, enn aðrir vilja jafnrétti í launamálum og svo mætti lengi telja. Það er því ekki hægt að setja alla femíníska greiningu undir einn og sama hattinn.¹³ Í grein sinni, *The Problem of Feminism in the Fifteenth Century*, bendir Gottlieb á að til þess að hægt sé að kalla sjálfan sig femínista sé ekki nóg að hafa ákveðnar skoðanir heldur þurfi að deila þeim skoðunum með öðrum og vera þannig partur af fræðilegu samfélagi. Hugtakið er enn í sífellri þróun og erfitt er að skilgreina það. Oft er farið ansi frjállega með hugtakið bæði af málsvörum þess sem og andstæðingum. Í dag er orðið femínisti oft notað yfir þá aðila sem láta sig stöðu kvenna varða almennt en þó eru margir í þeim hóp sem ekki vilja láta stimpla sig femínista.¹⁴

Á 19.öld voru þeir kallaðir femínistar sem voru róttækir málsvarar stöðu og réttinda kvenna en þeir trúðu á jafnrétti karla og kvenna innan veggja heimilisins. Einnig var ákveðinn hópur femínista sem trúði ekki á jafnrétti heldur litu svo á að konur hefðu sérstaka eiginleika sem karlmenn hefðu ekki. Slík sérkenni kvenna bæri að viðurkenna og nýta samfélaginu til ávinnings. Í dag er merking orðsins femínisti orðin heldur sundurlaus að mati Gottlieb. Í víðum skilningi eru þeir skilgreindir femínistar sem trúa á algjört jafnrétti kvenna og karla, á öllum sviðum samfélagsins og er kvenréttindabarátta kvenna langt á veg komin víða um heim.¹⁵

Í bók sinni, *Thinking About Women*, fjallar Andersen um femínisma og hvernig kvenlegar rannsóknir sem fræðilegur vettvangur hefur fengið félagsfræðinga til að hugsa um kyn og kyngervi sem félagslegt málefni.¹⁶ Líkt og Andersen bendir á hafa hugmyndir um hutverk kvenna og karla, og samskipti þeirra, breyst mikið síðustu ár.¹⁷ Það er því ekki auðvelt að skilgreina hugtakið femínismi vegna þess að það inniheldur ýmsar pólitískar hugmyndir og sjónarmið. Ekki er til neitt eitt femínískt sjónarmið, og femínískar kenningar eru oft verulega frábrugðnar hvorri annari.¹⁸ Femínismi er, samkvæmt Andersen, bæði hugsunarháttur og gjörðir. Í raun er samband hugsunar og

¹³ Gillian Rudd. *The Complete Critical Guide to Geoffrey Chaucer*. London: Routledge, 2001, bls. 175.

¹⁴ Beatrice Gottlieb. „The Problem of Feminism in the Fifteenth Century”. *The Selected Writings of Christine De Pizan. New translations criticism*. Þýð. Renate Blumenfeld-Kosinski og Kevin Brownlee. Ritstj. Renate Blumenfeld-Kosinski. New York: W.W Norton & Company, 1997, bls. 274-275.

¹⁵ Beatrice Gottlieb, bls. 274-275.

¹⁶ Margaret L. Andersen. *Thinking About Women. Social Perspectives on Sex and Gender*. New York: Macmillan Publishing Company, 1993, bls. 3.

¹⁷ Margaret L. Andersen, bls. 4.

¹⁸ Margaret L. Andersen, bls. 6.

gjörðar höfuðatriði í femínískum áætlunum um félagslegar breytingar í samfélögum. Þrátt fyrir að femínistar trúu að konur eigi ekki að vera eins og karlar þá telja þeir að upplifanir kvenna, málefni sem snúa að þeim og hugmyndir kvenna, séu jafn mikilvægar og karla og ættu að vera meðhöndlaðar af sömu virðingu. Því gerir femínismi hagsmuni kvenna miðlæga í samtökum um félagslegar breytingar.¹⁹

2.1. Femínískar rannsóknir á miðaldarbókmenntum

Líkt og Caine bendir á varð orðið femínismi ekki til fyrir en við lok 19. aldar og er sú staðreynd ákveðin hindrun sem stendur ávallt í vegi fyrir hverjum þeim sem ætlar sér að skrifa um femínisma á miðöldum.²⁰ Því nota sagnfræðingar í dag hugtakið á afar mismundandi hátt. Sumir skilgreina allar þær konur sem skrifuðu um sjálfa sig og sitt líf sem femínista. Aðrir vilja meina að femínistar þurfi að hafa sérstakar skoðanir og trú eða fremja sérstakar athafnir til að teljast sem femínistar. Það er þó ekkert samkomulag um hvaða skoðanir eða athafnir það eru eða á hvaða hátt þær hafa breyst í gegnum tíðina.²¹

Gottlieb bendir á að femínismi er afar flókið hugtak sem tilheyrir nútímanum en ekki miðöldum. Það sé því ekki réttlætanlegt, og jafnvel varhugavert, að beita aðferðafræði femínisma á menningu miðalda. Samkvæmt Gottlieb líkir Lucien Febvre hættunni sem felst í slíkum samanburð við syndgun. Slíka syndgun kallar hann *tímaskekkju* (e. anachronism).²² Hann bendir á að orð sem þýddu eitt á miðöldum gæti þýtt eitthvað allt annað í dag. Sagnfræðingar verða að vera viðbúnir því að finna hugsunarhátt sem á ekki lengur við og er jafnvel ekki lengur til staðar í rannsóknum sínum á miðaldertextum. Margt sem kom miðaldarlesendum sem nýtt fyrir sjónir þykja nútímalesendum harla ómerkilegt eða jafnvel úrelt. Vegna skorts á bókmenntalegri sögu kvenna vinna femínískir sagnfræðingar að því í dag að endurskrifa bókmenntir miðalda með sögu kvenna í huga.²³

Í fyrrnefndri grein sinni fjallar Gottlieb um franska kvenrithöfundinn Christine de Pizan sem uppi var á miðöldum. Í dag er hún oft sögð vera femínisti en líkt og Gottlieb bendir á þá er erfitt að kalla hana femínista vegna þess að orðið femínisti var ekki til á miðöldum og það er því erfitt að bera saman hina nútímaskilgreiningu á orðinu femínisti við miðaldarkvenmenn. Margir textar Christine fjalla um konur en afar sjaldgæft þótti á 15.öld að konur skrifuðu bókmenntir um málefni kvenna. Flestir

¹⁹ Margaret L. Andersen, bls. 7.

²⁰ Barbara Caine. *Victorian Feminists*. New York: Oxford University Press, 1992, bls. 4.

²¹ Barbara Caine, bls. 4.

²² Beatrice Gottlieb, bls. 276.

²³ Beatrice Gottlieb, bls. 276-278.

textar hennar innihalda varnarræðu gegn árásum og ofbeldi sem konur þurftu að þola af höndum karlanna. Hún hafði fengið talsverða menntun sem var afar sjaldgæft á þessum tíma og hún hélt því fram að konur hefðu að minnsta kosti eins mikla hæfni í að öðlast bókmenntalega þekkingu og karlmenn.²⁴ Samkvæm Gottlieb gagnrýndi Christine hvernig allar konur voru settar undir sama hatt. Þrátt fyrir að einhverjar konur væru illgjarnar þá væri ósanngjarnt að halda því fram að allar konur væru það. Hún gekk jafnvel svo langt að halda því fram að konur hefðu ýmsa eiginleika sem karlmenn hefðu ekki og að þessir eiginleikar gerðu konur æðri karlmönnum. Þær væru að eðlisfari blíðar, góðar og trúar. Hún benti einnig á að það væru ekki konur sem orsökðu stríð og limlestingar heldur væru það karlmennirnir sem gerðu slíkt. Menn ættu að reyna eftir bestu getu að vera trúir og tillitssamir við konur vegna þess að án þeirra væri engin skemmtun í lífinu. Gottlieb álitur Christine vera með það sem í nútímalegum skilningi væri hægt að kalla femíníska meðvitund (e. feminine consciousness). Hún var kona sem var orðin þreytt á að lesa um hversu illgjarnar konur væru og óæðri karlmönnum og neitaði að þjást í þögn. Hún varði ekki sjálfa sig sem einstakling heldur tók málstað allra kvenna. Hún skrifaði um líf kvenna og setti fram hugmyndir um hvernig hægt væri að bæta það og slík skrif er í dag hægt að skilgreina sem femínísk skrif. Sú staðreynd að texti hennar sé um konur og skrifaður af konu, styrkir áhrif hans.²⁵ Margaret af Navarre var einnig kvenrithöfundur sem uppi var heilli öld á eftir Christine og samkvæmt Gottlieb telja margir nútímamenn hana vera femínista líkt og Christine. Í textum sínum gagnrýnir Margaret karlmenn fyrir að blekkja og svíkja konur í þeim tilgangi að öðlast kyferðislega ánægju. Ráðleggingar Margaretar til kvenna voru svipaðar og Christine. Þær ráðlögðu lesendum sínum, sem samkvæmt Gottlieb voru aðallega konur, að hjálpa eiginmönnum sínum að verða betri manneskjur. Sem eiginkonur ættu þær rétt á að vera elskaðar en ef hjónabandið var óhamingumsamt þá bæri þeim þó að varðveita friðinn og stöðugleika á heimilinu. Þær voru einnig sammála því að konur þyrftu ávallt að vera á verði gagnvart eigin heiðri. Ofar öllu ættu konur að vera þolinmóðar gagnvart eiginmönnum sínum og taka slæmri framkomu þeirra með undirgefni.

Ef femínisti, í einfaldasta skilningi orðsins, nær yfir þær manneskjur sem er umhugað um konur og þeirra réttindi og finnast þær eiga betra skilið þá er, samkvæmt Gottlieb, hægt að kalla Margaret og Christine femínista. Ef femínisti trúir hinsvegar á jafna getu karla og kvenna og berst fyrir yfirgripsmiklum breytingum á kjörum og

²⁴ Beatrice Gottlieb, bls. 278.

²⁵ Beatrice Gottlieb, bls. 281-282.

réttindum kvenna þá varð femínismi ekki til fyrr en á nítjándu öld. Hafa verður í huga þegar miðaldartextar eru skoðaðir að ýmsar hugmyndir sem teknar eru sem sjálfsögðum hlut í dag voru ekki komnar fram á miðöldum. Þar má nefna hugmyndina um jafnræði og hugmyndina um sjálfræði einstaklingsins. Ekki er hægt að ætlast til að nokkur manneskja, hvorki karlmaður né kona, geri kröfu um breytingar á samfélagsháttum án þess að kannast við slík hugtök.²⁶

Margir fræðimenn eru á móti því að blanda saman femínískum hugmyndum og hugmyndum um miðaldarmenningu. Judith Bennett telur slíka skynjun vera ranga og heldur því fram að það að skilja að á milli miðaldarmenningar og femínisma sé röng aðferð við að rannsaka bókmenntir miðalda. Kvenleg miðaldarfræði hafi merka fortíð og heillavænlega framtíð. Hún bendir einnig á að þrátt fyrir að miðaldarrannsóknir fari oft öðruvísi fram og séu á stundum óvinveittar femínískri fræðimennsku þá sé það báðum greinum til hags að samanflétta miðaldarmenningu og femínisma.²⁷ Femínismi hefur, samkvæmt Bennett, hvatt fræðimenn til að líta á miðaldir á nýjan hátt og frá nýju sjónarhorni þrátt fyrir að ekki sé að fullu vitað hvernig túlka megi það sem fundist hefur.²⁸ Femínískir sagnfræðingar vinna að því að skapa nýjar aðferðir og umræður við rannsóknir á miðaldarbókmenntum. Þeir eru í raun að endurskoða vettvang miðaldarrannsókna. Þeir koma nýjum upplýsingum á framfæri, svara gömlum spurningum á nýjan hátt og skapa algjörlega ný rannsóknarviðhorf. Miðaldirnar eins og þær leggja sig eru teknar til rannsóknar, hlutverk karla jafnt sem kvenna.²⁹

2.2. Konur í *Kantaraborgarsögum*

Samkvæmt Laskaya eru sögurnar í *Kantaraborgarsögum* margar hverjar ansi niðrandi fyrir konur séu þær lesnar með nútímaleg femínísk viðhorf í huga. Hún segir greinilegt að verkið sé skrifað af karlmanni, það fjalli einnig fyrst og fremst um karlmenn og sé aðallega ætluð karlmönnum. Það sé þó hægt að skoða textann út frá kvenlegu sjónarhorni og íhuga á hvaða hátt hann er kvenlegur.³⁰ Hún bendir á að staða og kyn sögupersónanna lýsi persónuleika þeirra best. Chaucer hafi skapað afar mismunandi persónur sem virðast þó allar tengjast sinni starfsgrein, bæði hvað varðar sögurnar sem þær segja og einnig útlit þeirra og persónuleika. Samkvæmt Laskaya er enginn sögumannanna í verkinu með sömu lífsskoðanir. Það sem margar þeirra eigi þó

²⁶ Beatrice Gottlieb, bls. 293-294.

²⁷ Judith M Bennett. „Medievalism and Feminism.” *Studying Medieval Women. Sex, gender, Feminism.* Ritstj. Nancy F. Partner. Massachusetts: The Medieval Academy of America, 1993, bls. 9-10.

²⁸ Judith M. Bennett, bls. 20.

²⁹ Judith M. Bennett, bls. 25.

³⁰ Anna Laskaya, bls. 4.

sameiginlegt er að þær fást við samskipti kynjanna á einhvern hátt, hvað sé líkt með þeim og hvað ólíkt.³¹

Konur sem keppa við eiginmenn sína um völd eða ögra yfirvaldi karlmannsins í *Kantarabörgarsögum* eru álitnar uppreisnargjarnar. Þær sýna sömu hegðun og karlmenn en sú hegðun er álitin varhugaverð vegna kyns þeirra. Þegar konur eru mjög ákveðnar eru þær oftast álitnar (af karlkyns sögumönnum) óhemjur sem neita að samþykkja sitt hlutverk. En þegar karlmenn keppa við hvorn annan álíta karlkyns sögumenn það sem annað hvort einhverskonar leik, (og þá er sagan orðin skopleg), eða sem stríð (og er hún þá jafnan í formi harmleiks). Ef keppni milli karlmanna væri álitin neikvæð líkt og keppni milli kvenmanns og karlmanns myndu margar sögurnar ekki vera eins fyndnar. Það er því mikill munur á hvernig litið er á keppni milli tveggja karlmanna og á keppni milli karlmanns og kvenmanns.³² Samkvæmt Laskaya eru persónur Chaucers fyrst og fremst staðalímyndir fyrir kyn þeirra. Lesendur séu því sannarlega hvattir til að sjá persónurnar sérstaklega sem konur eða karlar.³³ Í nokkrum sögum reynir Chaucer að færa sig nær kvenlegum sjónarmiðum. Þar má fyrst og fremst nefna konuna frá Bath en hún fær að láta til sín taka og tala frjálst, ólíkt öðrum kvenpersónum í *Kantarabörgarsögum*. Þrátt fyrir að hennar rödd sé í yfirgnæfandi minnihluta meðal hins karllæga texta sagnanna hefur hún mikið vald innan textans. Líkt og Laskaya bendir á er óhætt er að halda því fram að enginn sem ætlar sér að ræða verkið í heild sinni komist hjá því að ræða um konuna frá Bath og hennar sterku rödd innan verksins.³⁴

³¹ Anna Laskaya, bls. 6-11.

³² Anna Laskaya, bls. 143.

³³ Anna Laskaya, bls. 12.

³⁴ Anna Laskaya, bls. 167.

3. Alison: Femínisti eða and-femínisti?

Alison byrjar formála sinn á að vísa í biblíuna til að koma með rök fyrir því að konur megi gifta sig oft líkt og hún hefur gert. Hún færir eigin rök fyrir hvernig túlka megi texta hennar en slíkar túlkanir voru aðeins ætlaðar karlmönnum. Það er því strax ljóst að Alison er óhrædd við að feta í fótspor karlanna og gefur lítið fyrir reglur feðraveldisins um að konan sé óæðri karlmanninum. Eins og áður kom fram þá þótti það ekki kvenmönnum sæmandi að tala mikið. Formáli Alison er helmingi lengri en hjá nokkrum öðrum sögumanni *Kantaraborgarsagnanna* og má því með sanni segja að hún gefi þessari reglu um þöggun kvenna langt nef. Hún afneitar þöglu kvenmannstýpunni algjörlega. Líkt og Laskaya bendir á þá er Alison sú persóna *Kantaraborgarsagna* sem við fáum að kynnst best, einmitt vegna formálans sem fer allur í að segja frá henni sjálfri. Lesandinn fær þannig innsýn í hennar líf og hvernig skilningur hennar og lífsviðhorf hafa þróast. Það sem hinn langi formáli Alisons gerir hinsvegar fyrst og fremst er að afneita þeirri orðræðu um kvenmenn og skilgreininguna um kynhlutverk sem ríkti í samfélaginu á þessum tíma. Hún notar eigin reynslu sem rökstuðning fyrir lífsskoðunum sínum og lætur kyn sitt ekki koma í veg fyrir að koma þeim á framfæri. Formáli Alison inniheldur einnig nákvæma lýsingu á hjónabandi og gefur þar lítið fyrir þær reglur samfélagsins um að kyn ráði því hver fari með völdin í sambandinu.³⁵

Helen Cooper líkir formála Alisonar við sjálfsævisögur.³⁶ Sjálfsævisögur á miðöldum innihéldu yfirleitt játningar um fyrra líferni, gerðar í þeim tilgangi að öðlast einhverskonar yfribót frá Guði. Alison játar fyrra líferni fúslega en tónn textans og ásetningur játninganna eru án allra guðfræðilegra hugmynda en hún leiðir aldrei í ljós neina uppgjöf við vilja Guðs og hefur engan ásetning um að breyta lífsstíl sínum. Þvert á móti segir hún frá honum með stolti og réttlætir sífellt gjörðir sínar. Líkt og Cooper bendir einnig á þá höfðu einhverjir fyrirrennarar Chaucers leyft kvenmannsrödd að hljóma í textum sínum en þá aðeins í þeim tilgangi að styrkja kvenhaturfull skilaboð hans. Í formála Bath leyfir Chaucer hinsvegar hinni kvenlegu rödd að taka algjörlega yfir. Alison tekur á málefnum sem oft hafði verið tæpt á áður en hún hinsvegar snýr þeim algjörlega á hvolf. Hún notar ýmsar andfemínískar fullyrðingar og kenningar sem voru tíðar í miðaldarbókmenntum en túlkar þær sér í hag. Hún notar þær sem réttlætingu á eigin hegðun og lífsstíl.³⁷ Hún er þó ekki í neinni varnarstöðu og tilgangur hennar er ekki sá að sannfæra aðra um að lifa sama lífsstíl, heldur útilokar hún þau

³⁵ Anna Laskaya, bls. 176-181.

³⁶ Helen Cooper, *Oxford Guides to Chaucer: The Canterbury tales*. Oxford: Clarendon Press, 1989, bls.140.

³⁷ Helen Cooper, bls.140-41.

guðfræðilegu rök sem gagnrýnendur gætu mögulega sett fram gegn hennar lífsskoðunum. „Ykkar er valið! Ég segi ekki orð gegn þeim sem taka meydóm fram yfir margveri. Sumum líkar vel að halda sér hreinum til sálar og líkama. Ég státa ekki af eigin gerðum.” (bls. 110) Miðpunktur allrar hennar rökfærslu er hennar eigin vilji. Hún sjálf er miðpunktur formálans og hún persónugerir jafnvel biblíuna sjálfa. Fyrstu persónu framburður er hennar uppáhalds frásagnarmáti.³⁸

Alison er kynnt til sögunnar í almenna formálanum sem fatasali af landsbyggðinni og landareigandi og virðist þannig í fyrstu vera fulltrúi hinnar upprennandi borgarastéttar. „Í fatasaumi tók hún jafnvel fram vefurunum í Ypres og Ghent.” (bls. 13) D.W Robertson telur líklegt að einhverjir lesendur álykti í fyrstu að fjárhagsleg velgengni Alisonar felist í þátttöku hennar í stöndugum iðnaði fatasölnunar.³⁹ Susan Crane telur hinsvegar að leyndarmál Alisonar um velgengi hennar felist í ekkjulífinu. Að fatasaumur sé ekki það sem hún lifi á, heldur vinni hún sér inn peninga með því að giftast oft og lifa af sér eiginmennina.⁴⁰ Þá má þó að benda á að síðustu tveir eiginmenn hennar hafa sett allar eignir hennar í hættu. Fjórði eiginmaðurinn var eyðslukló sem átti sér hjákonu og Alison var svo yfir sig ástfangin af fimmta eiginmanni sínum að hún gaf honum algjört yfirráð yfir öllum eignum sínum sem hún hafði erfð eftir fyrrum eiginmennina fjóra. Líkt og Alastair Minnis bendir á getur það varla talist vera aðgerð góðrar kaupskýlukonu. Samkvæmt Minnis skapaði Chaucer því auðuga ekkju sem notar fjárhagslegar eigur sínar til að kaupa sér ungan eiginmann vegna ástar en slíka tilfinningasemi myndu kvenhatarar samtíma hennar eflaust kalla dæmigerðan kvenlegan veikleika.⁴¹ Alison er þannig í sífelldri andstöðu við sjálfa sig og Chaucer gerir lesendum sínum erfitt fyrir að ákveða hvort hún sé að ýta undir andfemínisma eða mæla á móti honum.

Rekja má and-femíníska bókmennahefð langt aftur í fornöld en andfemínískar bókmenntir voru gefnar út langt fram á miðaldir og kirkjunnar menn sáu til þess að viðhalda viðhorfunum um að kvenmenn væru óæðra kynið. Þeir styrktu skoðanir sínar, líkt og áður sagði, með sífelldum tilvísunum í biblíuna og sköpunarsöguna. Samkvæmt Angela Lucas er auðvelt að líta á Alison sem martröð and-femínista og að hún sé í raun

³⁸ Helen Cooper, bls. 154.

³⁹ D.W. Robertson, „And for my land thus hastow mordred me?” Land tenure, the Cloth Industry, and the Wife of Bath.” *Chaucer Review*, bindi 14, 4.árg, 1980, bls.410.

⁴⁰ Susan Crane. „The Writing Lesson of 1381”. *Chaucer’s England: Literature in Historical Context*. Ritstj. Barbara Hanawalt. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1992, bls. 214-215.

⁴¹ Alastair Minnis. *Fallible Authors. Chaucer’s Pardoner and Wife of Bath*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 2008, bls. 250-251.

allt það sem kona átti ekki að vera að þeirra álitu.⁴² Hún hefur átt fimm eiginmenn, hún talar opinskátt um kynlíf sitt og líkamlegar langanir og er óhrædd við að beitir ýmsum brögðum við að ná valdi yfir eiginmönnum sínum. Hún þráir að ráða, bæði yfir þeim sjálfum og eignum þeirra og það má segja að Alison geri nánast hvað sem er til að ná stjórn á eiginmanninum: „Eins og hryssa þá beit ég frá mér aðra stundina og frísaði hina til að fá klapp. Ég skammaðist þótt ég stæði á röngu; ella hefði komist upp um mig, oftast en ekki.” (bls. 116) Þetta gerir hana að þess konar kvenmanni sem andfemínistar höfðu óbeit á.

Phillips bendir á að formáli Alisonar hefur að geyma ýmsar mótsagnakenndar staðhæfingar um kynferðislegan losta hennar. Á einum stað segist hún ekki hafa áhuga á kynlífi en á öðrum stað viðurkennir hún að hafa stundað kynlíf með fyrstu þremur eiginmönnum sínum í þeim eina tilgangi að öðlast völd yfir þeim og eigum þeirra. Hún fullyrðir einnig að hafa aldrei framið hjúskaparbrot en stærir sig seinna af því að fjöllyndi hennar eigi sér engar takmarkanir. Phillips telur að með þessu sé Chaucer að sýna lesendum sínum ýmsar útgáfur af staðalímyndum sem sýni hvernig kvenmenn eigi ekki að haga sér samkvæmt reglum feðraveldisins.⁴³ Með því gæti hann verið að sýna kvenlesendum sínum að þær hafi rödd, jafnháa og karlmannsins og jafnvel hvetja þær til að láta hana hana heyrast. Phillips bendir einnig á þá staðreynd að margir eiginleikar sem gera Alison að sjálfsöruggri og opinskárru konu samkvæmt nútímaskilgreiningu femínisma gera hana að „slæmri” konu samkvæmt staðalímynd kvenna í miðaldarsamfélaginu.⁴⁴ Það gæti bent til þess að Chaucer hafi verið á undan sinni samtíð og leit ekki á konur sem óæðri karlmönnum, heldur skapar hann persónu sem gefur lítið fyrir reglur feðraveldisins um hvernig konur eigi að haga sér og hvernig ekki og túlkar reglurnar á sinn hátt.

Samkvæmt Rudd gaf Gavin Douglas út enska þýðingu *Eneasarkviðu* eftir Virgil árið 1513 og í formálanum setur hann fram þá fullyrðingu að Chaucer sé „allra kvenna vinur” (all womanis friend). Sú staðhæfing hefur, samkvæmt Rudd, oft verið upphafspunktur femínískra rannsókna á textum Chaucers.⁴⁵ Cooper segir sigur Chaucers felast í því hversu ómóttstæðilega heillandi hann hafi náð að gera Alison þrátt fyrir að vera í raun martröð kvenhatara holdi klædd. Líta má á formála hennar sem málsvörn þar sem játar á sig ýmsar sakir en neitar að sjá nokkuð rangt við þær. Þess í stað snýr hún vörn í sókn með því að benda á að verstu ásakanir gegn konum séu

⁴² Angela M. Lucas. *Women in the Middle Ages*. Great Britain: The Harvester Press, 1984, bls. 116.

⁴³ Helen Phillips., bls. 90.

⁴⁴ Helen Phillips, bls. 97.

⁴⁵ Gillian Rudd, bls. 175.

smávægilegar miðað við þær sem hægt væri að beina gegn karlmönnum. Textinn er í raun ríkur af andfemínisma en hún beitir honum gegn karlmönnum, í stað konum.⁴⁶

Alison er þannig í mikilli andstöðu við ríkjandi viðhorf samfélags síns. Minnis bendir þó á að *ef* að Alison væri með flekklaust siðferðisleg gildi og eingöngu góðan ásetning þá myndi það skipta litlu máli vegna þess að kyn hennar vegi þyngra en orð hennar. Chaucer hefur skapað hina mest fyrirlitnu staðalímynd andfemínískra miðaldarbókmennta; kynferðislega ágjörnu ekkjuna og veitir henni öfluga málsvörn sem inniheldur aðferðir lærðra manna og kynferðislegar skoðanir. Í raun er formálinn varnarræða hennar gegn hinum mæta dýrðlingi Jerome kenningum hans um kvenlega hegðun og segja má að hún sýkni sjálfa sig með góðum árangri.⁴⁷

Minnis bendir einnig á að Alison fordæmir sjálfa sig í sífellu, og konur almennt, meðal annars með því að halda því fram að undirferli og grátur séu konum meðfæddir eiginleikar. „Þessa gáfu fáum við með fæðingu; Guð hefur gefið mér hæfileika að ljúga, gráta og spinna upp sakir, öllum konum er það meðfætt.” (bls. 116) Slíkt heldur áfram í sögunni hennar. Gamla skassið gefur riddaranum tvo valkosti: að eiga heiðarlega og ótrúa eiginkonu, eða ófríða og ótrúa. Með þessu gefur hún til kynna að engin kona geti bæði verið heiðarleg og trú, líkt og draumadísinn sem andfemínistar drógu upp mynd af í ritum sínum.⁴⁸

Það andfemíníska rit sem mæðir mest á í formála Alisonar er fræðiritið *Adversus Jovinianum* sem meðal annars var skrifað í þeim tilgangi að hrekja þær tillögur sem dýrðlingurinn Jovinianus hafði sett fram um að meydómur og hjónaband væru jafn mikils virði. Alison sækir sínar umdeildustu rökfærslur í ritið og er óhrædd við að túlka aldagamlar sígildar bókmenntir og kenningar þekktra fræðimanna sér í hag.⁴⁹ Líklegt verður að teljast að tilgangur Jankins með því að lesa upp úr hinu andfemíníska riti fyrir Alison hafi verið að hræða hana til hlýðni. Hún myndi forðast að haga sér „illa” og temja sér guðhrædda og kvenlega hegðun líkt og „góðum” eiginkonum bar að gera. En lesturinn hefur þveröfug áhrif á Alison og þolinmæði hennar gagnvart hinum stöðuga áróðri um kvenhatur þrýtur að lokum. Hún ræðst á uppsprettuna: sjálfa bókina og deilan um karlmenn gegn konum breytist þannig í orrustu milli karlmanns og konu.⁵⁰ Þessi þáttur formálans sýnir ákveðna mótsögn sem er í raun hjarta alls textans samkvæmt Phillips. Viðbrögð Alisonar við upplestri

⁴⁶ Helen Cooper, bls. 149.

⁴⁷ Alistair Minnis. *Fallible Authors. Chaucer's Pardoner and Wife of Bath*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 2008, bls. 309.

⁴⁸ Alistair Minnis, bls. 345.

⁴⁹ Helen Cooper, bls. 141.

⁵⁰ Helen Cooper, bls. 148.

Jankins úr bókinni er dæmi um þá árásagirni sem kvenhatarar feðraveldisins fullyrtu að konur byggju yfir. Konur voru í þeirra huga árásagjarnar og töldu að ómögulegt væri að telja um fyrir þeim. Á sama tíma varpa viðbrögð Alisonar ljósi á vandann sem kvenmenn bjuggu við í miðaldarsamfélagi þar sem karlar stjórnðu menningarlegri ímynd kvenna og konur höfðu hvergi færi á að svara fyrir sig eða láta í sér heyra.⁵¹

3.1 Alison og bókvitið

Rudd bendir á að fyrstu orð Alison í formálanum dragi saman tvær andstæðar hliðar á umræðu sem Chaucer fékkst við á ýmsan hátt í gegnum verk sín: hvort er áreiðanlegri uppspretta þekkingu; reynsla eða bókvit? Alison setur sjálfa sig í hóp þeirra sem hafa öðlast þekkingu sína af reynslu og þannig með líkamanum fremur en vitsmunum. Sem slík er hún ímynd þeirra kvenna sem varað er við í ritinu hans Jankins. Hún er fulltrúi þess neikvæða fremur en jákvæð fyrirmynd. Greinilegir skoplegir eiginleikar hennar gera hana einskonar kvenhetju miðaldarbókmenntanna. Hún er herská, sjálfsörugg kona sem á fjárhagslegu velgengni að fagna. Formáli hennar vekur þó upp spurningar um hvort hún sé æskileg fyrirmynd miðaldarkvenna.⁵² Alison er, líkt og áður hefur komið fram, óhrædd við að vitna í hinar ýmsu bókmenntir og túlka þær á sinn hátt. Hún vitnar m.a í biblíuna, Dante, Óvíð og fleiri þekktu fræðimenn sem er afar sjaldgæft fyrir konur á hennar tíma. Fimmti eiginmaðurinn, skólamaðurinn Jankin, les upphátt úr bókum um hversu vondar konur geta verið; þekkt andfemínísk rit, sem meira að segja voru neikvæð fyrir konur á miðöldum. Enn og aftur gerir hún það sem konur máttu alls ekki; hún fetar í spor karlmansins.

Alison gagnrýnir skólamenn um leið og hún fetar í fótspor þeirra og segja má að hún bæði dái þá og fyrirlíti. Líklegast er þó að henni þyki einfaldlega óréttlátt að konur megi ekki mennta sig og skrifa bókmenntir líkt og karlmenn en afar óvenjulegt er þó fyrir konu á hennar tíma að láta óánægju sína í ljós. En eins og komið hefur glöggt í ljós þá er Alison lítið fyrir að fara eftir reglum samfélagsins. Hana langar að eiga möguleika á að mennta sig og að lesa þær bókmenntir sem henni sýnist enda virðist hún hafa gert það í gegnum tíðina. Hún bendir á hversu ósanngjarnt það sé að karlmenn geti skrifað það sem þeim sýnist um konur en konur fá engum vörnum við komið. „Guð veit, ef konur hefðu ritað eins margar sögur og þessir innilokuðu skólamenn, þá hefðu þær sagt fleiri vondar sögur af karlmönnum en allir Adams-synir hefðu getað leiðrétt.“ (bls. 121) Formáli Alison er í raun safn þekktu kenninga sem viðurkenndar

⁵¹ Helen Phillips, bls. 92-93.

⁵² Gillian Rudd, bls. 121.

voru á miðöldum en Alison neitar að fara eftir – eða réttara sagt túlkar á allt annan veg.⁵³ Hvell tunga Alisonar og málæði, sem andfemínistar samtíma hennar hefðu talið óviðunandi fyrir konur, er hér tjáning á lífskrafti hennar og skoðunum. Staðfesta hennar, að mati Cooper, bætir upp það sem vantar í rökfærslu hennar.⁵⁴

Aðferð Jankins við að leiðbeina eiginkonu sinni í að haga sér rétt felst í, líkt og áður sagði, upplestri úr hinu fyrrnefnda andfemíníska fræðiriti. Alison reynist ötull nemandi sem lærir líklega meira af ritinu en eiginmaður hennar hefði nokkru sinni getað ímyndað sér að væri mögulegt. Fræðilegar aðferðir við að rökfæra skoðanir sínar með valdi, líkt og Jankin kenndi henni með lestri sínum, gegnsýrir texta hennar að mati Minnis. Alison notar aðferðir sem eingöngu karlmenn áttu að hafa öðlast í skólastofum sem konum var meinaður aðgangur að.⁵⁵ Það má því segja að kennsla Jankins hafi borið árangur þó að sá árangur sé að vísu andstæður þeim árangri sem hann vonaðist eftir. Alison nýtir sér upplesturinn sér í hag í stað þess að láta hann þagga niður í sér.

3.2. Alison og hjónaböndin

Líkt og áður hefur komið fram, áttu kvenmenn möguleika á að öðlast viðurkenningu karlmannsins með því að lifa skírlífi. Samkvæmt kirkjuvaldinu voru þrjú stig skírlífis: hjónaband, ekkjulíf og meydómur. Kynlíf innan hjónabands var réttlætt ástand og heimilt en minna virðingavert en að halda meydómnum. Ekkjulíf var þar einhversstaðar á milli í virðingarstiganum.⁵⁶ Þrátt fyrir að ekkjum væri leyfilegt að giftast á ný voru þær eindregið hvattar til að lifa skírlífi. Kynlíf innan hjónabands var, líkt og áður sagði leyfilegt, en einugis í þeim tilgangi að fjölga mannkyninu. Karlmönnum sem stunduðu samfarir með eiginkonum sínum ánægjunnar vegna var oft meinaður aðgangur að kirkjunni.⁵⁷ Samkvæmt Minnis taldi Peter Lombard hjón vera að syndga ef þau stunduðu kynlíf eingöngu lostans vegna. Kynlíf sem stundað var eingöngu ánægjunnar vegna var því af mörgum talið engu betra en skírlífsbrot eða hórdómur.⁵⁸ Alison talar um að hafa stundað kynlíf við eiginmenn sína fimm en hvergi kemur fram að Alison hafi nokkru sinni orðið barna auðið. Hún hefur talsvert meiri reynslu af karlmönnum en flestar konur öðluðust nokkurntímann á miðöldum. Í raun má segja að með því að giftast eins oft og hún gerir sé hún að gera það sem hún gerir

⁵³ Helen Cooper, bls. 150.

⁵⁴ Helen Cooper, bls. 154.

⁵⁵ Alistair Minnis, bls. 252-253.

⁵⁶ Angela M. Lucas, bls. 109.

⁵⁷ Angela M. Lucas, bls. 112.

⁵⁸ Alistair Minnis, bls. 285.

best; brjóta í bága við hinar hefðbundnu reglur samfélagsins. Hún bendir þó á að hún sé ekki að brjóta gegn orðum Guðs, og færir fyrir því góð rök.

Getið þið sagt mér að Guð almáttugur hafi einhvern tíma bannað hjónaband beinum orðum? Verið svo góð að svara mér. Eða hvar hefur hann mælt með meydómi? Ég veit eins vel og þið, og það er enginn vafi, að þegar Páll postuli talar um meydóm segist hann ekki hafa neina skipun þar um. Má vera að konu sé ráðlagt að vera einhleyp, en ráðlegging er annað en boð. Hann leggur það í ykkar dóm: því hafi Guð mælt með meydómi, þá hefur hann með því fordæmt hjónaband samtímis. Og vissulega, hafi aldrei neinu sæði verið sáð, hvaðan ætti þá meydómurinn að koma? (bls. 110)

Hún réttlætir þannig fjölda hjónabanda sinna með því að benda á að Guð hafi aldrei, samkvæmt biblíunni, bannað hjónaband og því hljóti að vera leyfilegt að ganga í mörg slík yfir ævina. Hún réttlætir um leið kynlífið sem hún hefur stundað með eiginmönnum og túlkar orð biblíunnar sér í hag og með góðum rökstuðningi.

Á miðöldum var algengt að konur gengu nauðugar viljugar í hjónaband en afar sjaldgæft var að konur veldu eiginmenn sína sjálfar. Yfirleitt gekk fólk í hjónaband eingöngu af hagkvæmisástæðum.⁵⁹ Gagnkvæm ást og virðing var ekki höfð að leiðarjosi líkt og í flestum vestrænum samfélögum í dag. Alison virðist ekki hafa verið ástangin af fyrstu þremur eiginmönnum sínum. Í skiptum fyrir líkama sinn færa þeir henni efnahagslegt öryggi.⁶⁰ Hún virðist, líkt og Traversi bendir á, líta á ást sem einskona vöru sem hægt sé að selja og kaupa að vild. Þetta viðhorf hennar til ástarinnar veitir innsýn í viðhorf samfélags hennar tíma til hjónabanda, en þau voru í raun byggð á vöruskiptum þar sem karlmenn (feður, bræður eða synir og væntanlegir brúðgumar) skiptast á eignaryfirráðum yfir kvenmönnum. Fyrstu þrjú eiginmenn Alisonar eru þeir sem létu auðveldast að stjórna. Þeir létu hana hafa öll völdin í hjónabandinu, bæði yfir þeim sjálfum sem og eignum þeirra. Hún kemur fram við þá af lítilsvirðingu, og hikar ekki við að svíkja þá og pretta. Seinni eiginmennirnir tveir láta hinsvegar ekki eins auðveldlega að stjórna. Fimmti eiginmaðurinn, skólamaðurinn Jankins, er í raun sá eini sem hún virðist bera einhverja virðingu fyrir. Það sem gerir þá staðreynd kaldhæðnislega er sú að hann er sá sem kemur hvað verst fram við hana og beitir hana ofbeldi.⁶¹

Alison segist vera mikill aðdáandi hjónabanda. „Ég vil helga bestu ár ævi minnar athöfnum og umbun hjónabandsins.” (bls. 111) Fyrstu eiginmennirnir þrjú voru allir

⁵⁹ David Aers. *Chaucer*. Great Britain: The Harvester Press, 1986, bls. 62.

⁶⁰ David Aers, bls. 69.

⁶¹ Derek Traversi. *The Canterbury Tales: A Reading*. London: The Bodley Head Ltd., 1983, bls. 183.

mun eldri en hún og hún mjög ung þegar hún giftist þeim. Það er því ljóst að hún giftist þeim til fjár, enda erfði hún af þeim allar eignir þeirra. „Þeir höfðu gefið mér lönd sín og lausa aura, svo ég þurfti ekki að hafa fyrir því að vinna ást þeirra eða sýna þeim virðingu.” (bls. 112) Eins og fyrr sagði þá er það Alison mikið kappsmál að hafa yfirhöndina í hjónabandinu. Hún vill ekki undir neinum kringumstæðum láta stjórna sér eða segja sér til verka.

Ég verð að eiga mann sem er í senn skuldunautur og þræll; og svo lengi sem ég er kona hans má hann hljóta þrenging fyrir hold sitt. Meðan ég lifi hef ég vald yfir líkama hans, ekki hann. Þetta er það sem Páll postuli hefur sagt mér; hann bað eiginmenn okkar að elska okkur heitt. Þessi boðskpur fellur mér vel! (bls. 112)

Fimmta hjónaband hennar er alls ólíkt hinum fjórum. Hún giftist fimmta eiginmanninum, Jankins, „[...] af ást en ekki vegna peninganna [...] Þó hann hefði barið hvert bein í mínum líkama, þá gat hann kveikt í mér ástina samstundis. Ég held ég hafi unnað honum mest af því hann sparaði ástina við mig.” (bls. 118) Þarna er hún í raun búin að skipta um hlutverk frá fyrri hjónaböndunum; nú er það hún sem er eldri og á fleiri eignir. Hún gefur Jankins þær allar í upphaf og það má því segja að hún hafi keypt hann fyrir allar eignirnar sem hún erfði af fyrri eiginmönnum fjórum. Jankins vill að hún hlýði sér og hótar henni öllu illu með því að lesa upp úr andfemínískum ritum, sögur af konum sem óhlýðnast eiginmönnum sínum og hljóta refsingu fyrir vikið. Alison er þó ekki tilbúin að gefast upp fyrir karlmanni: „En allt til einskis; ég gaf ekki daut fyrir orðskviði hans né gömlu speki; og vildi ekki láta mér segjast.” (bls. 121) Baráttan þeirra á milli um völdin endar með miklum barsmíðum þar sem hann kýlir hana m.a. svo fast í eyrað að hún missir heyrnina á því eyra. Hún er þó alveg tilbúin að ganga svo langt til að ná sínu fram og öðlast völd yfir eiginmanninum. „En að síðustu, þegar ósköpin ætluðu aldrei að taka enda, þá sömdum við frið okkar í milli. Hann lét mig fá taumana: hann lét mig fá stjórnina innanstokks og á jörðinni, og raunar á tungu sinni og hnefum líka; og ég lét hann brenna bókina á stundinni.” (bls. 123) Hjónaband þeirra endaði því vel fyrir Alison og þau virðast hafa verið hamingjusöm saman og er það líklega í fyrsta sinn sem hún er ástfangin og hamingjusöm. Það er þó kaldhæðnislegt að sú hamingja kostaði hana heyrnina á öðru eyranu. Með því er ljóst að hamingja kvenna á miðöldum fékkst ekki gefins og kostaði mikla baráttu við eiginmanninn.

Jerome, höfundur hins andfemíníska verks Jankins, var á móti því að ekkjur giftu sig aftur og taldi þær eiga að lifa skírlífi eftir dauða eiginmanna sinna. Vísað er í

þessa skoðun Jeromes í ýmsum útskýringum í biblíunni og sígildum bókmenntum og hún rökstutt enn frekar. Ekkjum var því ætlað að forðast það að giftast aftur samkvæmt ákveðnum trúarlegum túlkunum.⁶² Jerome gengur jafnvel svo langt að halda því fram að með því að giftast oft sé framin synd sem jafnist á við hjúskaparbrot eða hórdóm. Alison vísar oft í þann part ritsins til þess að afsanna þessar fullyrðingar. Í ritinu kemur einnig fram að eiginmenn eigi ekki að elska eiginkonur sínar of ákaft og geri hann slíkt sé hann að fremja skírlífsbrot.⁶³

3.3. Saga Konunnar frá Bath

Samkvæmt Minnis gaf William of Aragon út fræðiritið *De nobilitate* seint á 13.öld. Þar byrjar hann á því að velta því fyrir sér hvort að karlmenn séu göfugri en kvenmenn. Hann setur fram þá kenningu að verknaður manneskjunnar gefi til kynna göfugleika hennar; því betri og mikilvægari sem verknaðurinn væri, því göfugri og betri væri manneskjan sem framkvæmdi hann. Hann gaf sér það að verknaðir karlmanna væru betri og göfugri en kvenna og því hlytu karlmenn einfaldlega að vera göfugra kynið. Þetta rökstyður hann með þeirri kenningu að vegna þess að verknaðir karlmanna séu flestir opinberir, á meðan verknaðir kvenna séu aðeins innan heimilisins, þá hljóti verknaðir karlmanna að vera betri vegna þess að þeir séu framkvæmdir samfélaginu í hag. Til að styðja mál sitt enn frekar fullyrðir hann að þeir sem séu fullkomnari að eðlisfari séu einnig göfugri og þar sem karlmenn séu fullkomnari en konur þá hljóti þeir að vera göfugra kynið. Þessari kenningu, um að göfugleika karlmanna sé æðri göfugleika kvenmanna, snýr Alison algjörlega á hvolf í sögu sinni.⁶⁴

Sagan verður að teljast afar kaldhæðnisleg, sérstaklega í ljósi nútímalegra femínískra viðhorfa. Hún hefst á því að riddari nauðgar ungri konu og sýnir þannig vald sitt yfir henni. Hún endar hinsvegar á því að riddarinn beygir sig algjörlega undir vald konunnar. Riddarinn og gamla konan eru aldrei nefnd á nafn, né er þeim lýst á persónulegan hátt, enda eru þau ímynd kvenlegra og karlmannslegra gilda og skortur á nákvæmni í lýsingum á þeim undirstrikar hlutverk þeirra sem viðmið um baráttuna milli kynjanna.⁶⁵ Þannig er riddarinn í uppafi í hlutverki drottara en í lokin er það í raun konan sem drottnar yfir honum. Einnig er valdinu sem konur höfðu yfir karlmönnum og var í raun eingöngu falið í ungdómi og fegurð, algjörlega snúið við í sögunni; þar er maðurinn ungur og fallegur en konan er gömul og fegurð hennar horfin.

⁶² Alistair Minnis, bls. 254.

⁶³ Alistair Minnis, bls. 283-285.

⁶⁴ Alistair Minnis, bls. 322-323.

⁶⁵ Helen Cooper, bls. 158.

Í lok sögunnar lýtur hann loks hennar vilja og leyfir henni að ráða. Í sögunni er kvenmönnum gefið færi á að fella niður dóma á karlmennina sem hafa gert eitthvað rangt á þeirra hlut. Riddarinn, sem dæmdur er til dauða, er færður í hendur drottningarinnar og hennar hirðar sem gefur honum það verkefni að finna út hvað það er sem konur þrá mest af öllu.⁶⁶

Í upphafi sögu sinnar byrjar Alison á því að vitna í Arthúrs-sagnabálkinn, sem tilheyrir heimi bókavitsins. Einnig bætir hún við sögu úr Óvíð og gamla konan í sögunni vísar í Dante. Gamla konan gæti því vel verið Alison sjálf; æska hennar og fegurð er farin að láta á sjá en bókvitið hefur hún. Riddarinn gæti táknað hinn dæmigerða karlmann á miðöldum. Nauðgunin sýnir þá hversu lítið vald konur höfðu yfir eigin líkama og hvernig karlmenn litu á líkama þeirra sem sína eign. Líf riddarans er í hættu en hann öðlast frelsi með því að finna töfra lausnina; að gefa konu völd yfir sér og líkama sínum. „Yfirleitt vilja konur hafa vald yfir bónda sínum rétt eins og elskhugunum, og myndugleika fram yfir þá alla.” (bls. 128)

Samkvæmt Cooper gæti sagan á yfirborðinu virðst vera um þrá kvenna eftir völdum en þegar söguþráðurinn sé skoðaður betur megi koma með rök fyrir því að svo sé ekki.⁶⁷ Sagan endar með hamingjusömu hjónabandi og kynferðislegri sælu. Með sögunni fullnægir Alison löngunum sínum eftir valdi og ungum, þróttmiklum eiginmanni. Sagan gæti því, líkt og Cooper bendir á, verið einskonar lýsing á þrá Alisonar eftir ungdómi sínum og fegurð sem hún hefur tapað með árunum. „En aldurinn kemur og eittrar allt, hann hefur svipt mig allri fegurð og krafti.” (bls. 117) Líklegt er, eftir formálanum og sögunni að dæma, að Alison þrái ekki einungis völd yfir ungum og fallegum eiginmanni, heldur þrái hún einnig að öðlast ungdóm sinn á ný sem og hamingjuríkt, rómantískt hjónaband.⁶⁸ Samkvæmt Cooper er einnig hægt að líka sambandi gamla skassins og riddarans við hjónaband Alisonar og Jankins. Þrátt fyrir alla andfemínísku lesninguna þá gefur Jankin að lokum upp öll völd í hjónabandinu líkt og riddarinn í sögunni gerir.⁶⁹ Endirinn á sögunni er þannig afar líkur endinum á formálanum en hún lýkur honum eftir að hafa sagt frá því hvernig Jankins gaf henni öll völdin í sambandinu.

Með sögunni gæti Alison verið að sýna fram á að karlmönnum sem gefa eiginkonum sínum völdin í hjónabandinu verði ríkulega launað. Með því gæti hún verið að vekja athygli á hversu fáránlegt það er að karlmennirnir komist upp með að

⁶⁶ Derek Traversi, bls. 113-114.

⁶⁷ Helen Cooper, bls. 156-157.

⁶⁸ Helen Cooper, bls. 157.

⁶⁹ Helen Cooper, bls. 149.

kúga konur og að slík kúgun sé viðurkennd innan samfélagsins. Sagan sýnir að menn sem nauðga og vilja hafa vald yfir kvenmönnum geti vel breyst, fái þeir réttu „kennsluna.“ Hvetur hún þannig kynsystur sínar til að ná stjórn á eiginmönnum sínum og færast þannig skrefi nær því sem kalla má jafnrétti. Skilaboð Alison til kvenna eru að minnsta kosti skýr: Ekki láta karlmenn stjórna ykkur. Þið eigið sjálfar að vera við stjórnvölinn.

Og megi Jesú Kristur senda okkur eiginmenn sem eru undirgefni, og ungir, og andrúkir í rúminu; megi Hann senda okkur náð til að lifa lengur en þeir sem við giftumst: og ég bið líka Jesúm Krist að stytta daga þeirra sem ekki vilja að konur sínar stjórni sér; en þeim sem eru gamlir og skapillir nískupokar bið ég Guð að senda ósvikna plágu (bls. 132).

Samantekt og lokaorð

Konur á 14.öld nutu ekki sömu réttinda og karlmenn innan samfélagsins. Þær áttu að hlýða eiginmönnum sínum í einu og öllu og lúta þeirra vilja. Þær áttu að halda sig innan heimilisins og höfðu litla sem enga rödd, hvorki á opinberum vettvangi né í bókmenntum. Ef þær óhlýðnuðust eiginmönnum sínum áttu þær í hættu að vera beittar líkamlegu ofbeldi en slíkt var vel þekkt á miðöldum. Líkt og Phillips bendir á sýnir textinn hversu erfitt það var fyrir miðaldarkonur að vera ekki fordæmdar af samfélagi feðraveldisins. Alison er kúguð og undirokuð ef hún þegir og hlýðir fyrir mælum feðraveldisins um hvernig kvenmenn eigi að haga sér. Ef hún hinsvegar kvartar undan undirokuninni er hún úthýst sem vond kona.⁷⁰ Chaucer afhjúpar þannig, í gegnum Alison, hvernig eina tungumálið sem konur geta talað í menningu miðaldarsamfélagsins er tungumálið sem er talað innan menningar þeirra og er búið til og stjórnað af karlmönnum. Textinn sýnir þannig hversu erfitt það er að mótmæla kvenhatri án þess að brjóta í bága við staðalmynd feðraveldisins um hina góðu konu.⁷¹

Alison er afar umdeild persóna og hagar sér á skjön við það sem tíðkaðist fyrir konur í hennar samfélagi. Hún vill breyta feðraveldinu eða að minnsta kosti vekja áhuga á kúgun kvenna. Það gerir hún með því að gera það sem ekki er vaninn; þ.e. að giftast oft og öðlast vald yfir eiginmönnum sínum. Alison er óhrædd við að ganga í spor karlmannanna en slíkt var algjörlega bannað á hennar tíma. Chaucer hefur þarna búið til persónu sem er í mikilli andstöðu við feðraveldið sem ríkti á hans tíma og vekur athygli á bágrri stöðu kvenna. Líkt og Phillips bendir á lætur Chaucer Alison ýmis orð í munn sem mæla gegn kvenhatri feðraveldisins.⁷² Þannig gefur hann feðraveldinu í raun langt nef og hvetur konur til að gera slíkt hið sama.

Samkvæmt Carolyn Dinshaw skapaði Chaucer Alison til að koma á framfæri andstöðu gegn orðræðu feðraveldisins. Í gegnum Alison endurbæti hann orðræðuna og er um leið þátttakandi í henni.⁷³ Samkvæmt þessu má setja fram þá kenningu að Chaucer hafi, í gegnum Alison, komið skoðunum sínum á feðraveldinu á framfæri, án þess að gera það beinlínis sjálfur. Dinshaw bendir einnig á þá staðreynd að Chaucer geri lesendum sínum kleift að sjá textann frá kvenlegu sjónarhorni í gegnum Alison og jafnvel fá þá til að ímynda sér að hægt sé að umbreyta feðraveldinu.⁷⁴

⁷⁰ Helen Phillips, bls. 97.

⁷¹ Helen Phillips, bls. 98.

⁷² Helen Phillips, bls. 97.

⁷³ Carolyn Dinshaw. *Chaucer's Sexual Poetics*. Madison: University of Wisconsin Press, 1989, bls. 116.

⁷⁴ Carolyn Dinshaw, bls. 117.

Alison snýr reglunni um undirokun kvenna á hvolf. Hún setur sig í spor karlmannsins og eiginmenn hennar eru því settir í þá stöðu að vera kúgaðir og valdalausir en ekki öfugt. Hún sýnir karlmönnum sömu óvirðingu og þeir sýna kynsystur hennar. Konur sem hegðuðu sér líkt og Alison voru ekki liðnar í ensku samfélagi á miðöldum og Chaucer hefur þar skapað afar óvenjulega persónu sem ögrar karlaveldinu. Slíkar kvenpersónur voru afar fátíðar í bókmenntum miðalda. Þetta sýnir hversu stórt hlutverk Alison leikur innan bókmenntasögunnar og hversu mikla rödd Chaucer ljáði henni.

Formáli Alison og sagan um riddarann eru í raun uppreisn hennar gegn feðraveldinu sem hún og aðrar konur á hennar tíma þurftu að búa við. Það sem læra má af Alison og hennar reynslu er að konur á tíma Chaucers þurftu að vera uppreisnargjarnar til að í þeim heyrðist. Þær þurftu í raun að haga sér einsog karlmaður til þess að vekja athygli á sér. Með Alison bendir Chaucer lesendum sínum á að konur á hans tíma voru í raun fangar karlmannsins. Þær höfðu enga rödd, og fengu engu ráðið. Í gegnum Alison sýnir hann að konur eiga rétt á að vera frjálsar en ekki undirokaðar eiginmönnum sínum. „Við getum ekki elskað mann sem er sífellt að glöggva sig á því hvort við erum inni eða úti; við viljum fá að vera frjálsar.” (bls. 115) Það er því greinilegt að Chaucer hefur verið langt á undan samtíma sínum með sköpun sinni á þessari einstæðu kvenpersónu. Þrátt fyrir að Alison falli ekki endilega í kramið hjá femínistum nútímans þá er ekki hægt að neita því að Chaucer hafi skapað afar eftirminnilega persónu sem í dag, mörgum öldum seinna, vekur enn athygli þeirra sem láta sig kvenréttindi varða.

Heimildaskrá

- Aers, David. 1986. *Chaucer*. Great Britain: The Harvester Press
- Andersen, Margaret L. 1993. *Thinking About Women. Social Perspectives on Sex and Gender*. New York: Macmillan Publishing Company
- Bennett, Judith M. 1993. „Medievalism and Feminism.” *Studying Mediaval Women. Sex, Gender, Feminism*, bls. 7-29. Ritstj. Nancy F. Partner. Massachusetts: The Medieval Academy of America
- Caine, Barbara. 1992. *Victorian Feminists*. New York: Oxford University Press
- Chaucer, Geoffrey. 2003. *Kantaraborgarsögur*. Þýð. Erlingur E. Halldórsson Reykjavík: Mál og menning
- Cooper, Helen. 1989. *Oxford Guides to Chaucer. The Canterbury Tales*. Oxford: Clarendon Press
- Susan Crane. 1992. „The Writing Lesson of 1381”. *Chaucer’s England: Literature in Historical Context*, bls. 201-221.. Ritstj. Barbara Hanawalt. Minneapolis: University of Minnesota Press
- Dinshaw, Carolyn. 1989. *Chaucer’s Sexual Poetics*. Madison: University of Wisconsin Press
- Evans, Ruth. 2003. „Virginites.” *The Cambridge Companion to Medieval Women’s Writing*, bls. 21-39. Ritstj. Carolyn Dinshaw og David Wallace. Cambridge: University Press
- Gottlieb, Beatrice. 1997. „The Problem of Feminism in the Fifteenth Century”. *The Selected Writings of Christine De Pizan: New translations, Criticism*, bls. 274-297. Þýð. Renate Blumenfeld-Kosinski og Kevin Brownlee. Ritstj. Renate Blumenfeld-Kosinski. New York: W.W Norton & Company
- Hopkins, Andrea. 1997. *Most wise & Valiant Ladies*. New York: Welcome Rain
- Kline, Daniel T. 2003. „Female Childhoods.” *The Cambridge Companion to Medieval Women’s Writing*, bls. 13-20. Ritstj. Carolyn Dinshaw og David Wallace. Cambridge: University Press
- Minnis, Alastair. 2008. *Fallible Authors. Chaucer’s Pardoner and Wife of Bath*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press
- Laskaya, Anne. 1995. *Chaucer’s Approach to Gender on the Canterbury Tales*. Cambridge: D.S Brewer
- Lucas, Angela M. 1984. *Women in the Middle Ages*. Great Britain: The Harvester Press

- Phillips, Helen. 2000. *An Introduction to the Canterbury Tales: Reading, Fiction, Context*.
New York: St. Martin's Press
- Rigby, S. H. 2000. „The Wife of Bath, Christine de Pizan, and the Medieval Case for Women.” *Chaucer Review*, bindi 35, 2.árgangur, bls. 133-165
- Robertson, D.W. 1980. „And for my land thus hastow mordred me?” Land tenure, the Cloth Industry, and the Wife of Bath.” *Chaucer Review*, bindi 14, 4.árg , bls. 403-420
- Rudd, Gillian. 2001. *The Complete Critical Guide to Geoffrey Chaucer*. London: Routledge
- Traversi, Derek. 1983. *The Canterbury Tales: A Reading*. London: The Bodley Head Ltd